

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

14. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 20. apríl 2010 að Þverá í Eyja- og Miklaholtshreppi og hófst kl. 21:00.

Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi, sem einnig ritaði fundargerð.

Jón Oddsson boðaði forföll.

Halldór Jónsson formaður nefndarinnar bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Fundarstjóri var kosinn Jökull Helgason.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi dags. 05.04.2010 frá Viggó Pálssyni, Urðarási 5, 210 Garðabæ, eiganda að Kleifárvöllum í Eyja- og Miklaholtshreppi.
Sótt er um leyfi til að stækka glugga í eldhúsi.
Samþykkt.
2. Erindi dags. 17.03.2010 frá Hallgrími Sigurðssyni og Sigurbjörgu Traustadóttur, Cuebec Canada, eiganda að Kristjánsbúð í landi Syðra-Skógarness.
Sótt er um leyfi til að byggja geymslu undir vélar og tæki tengt sumarhúsinu að Kristjánsbúð í landi Syðra-Skógarness.
Um er að ræða 105 m² bogahýsi frá Hýsi í Mosfellsbæ skv. teikningum unnum af teiknistofu Halldórs Guðmundssonar THG.
Húsið er byggt úr stálgrind sem er boltuð niður á steiptan sökkul.
Samþykkt.
3. Erindi dags. 18.01.2010 frá Jóhanni Helgasyni.
Óskað er eftir leyfi til að stofna nýja 1,4 ha lóð sem kölluð verður Vigdísarver, úr landi Syðra-Lágafells.
Á grundvelli þess að lóðin samrýmist ekki deiliskipulagi Syðra-Lágafells, hafnar nefndin erindinu.
4. Erindi dags. 10.03.2010 frá Guðbjarti Gunnarssyni, Hjarðafelli.
Sótt er um stöðuleyfi fyrir 20 feta gámi sem staðsettur verður við mjólkurhúsið ca. 1 m frá útvegg.
Samþykkt.
5. Erindi dags. 19.04.2010 frá Jóni Oddssyni, Kolviðarnesi.
Sótt er um leyfi fyrir útlitsbreytingu á íbúðarhúsi. Í breytingunni felst að tveimur gluggum á vesturhlið hússins verður breytt og þar komið fyrir útidyrhurðum sem munu opnast út.
Samþykkt.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

6. Erindi dags. 23.03.2010 frá Snorra Jóhannssyni f.h. Bassa ferðaþjónustu slf, kt. 50.06.86-1469.
Sótt er um stöðuleyfi fyrir fjögur gámar (íbúðargámar) og salernishús sem nota á tímabundið undir ferðaþjónustu. Gámarnir eru að utanmáli 6,05 x 2,43 m, samtals 14,7 m². Hæð gámana er 2,59 m. Þyngd er 1,9 tonn.
Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi sem gildir til eins árs skv. skipulags- og byggingarlögum. Staðsetning húsanna er við skurðbakka skv. afstöðumynd dags. 18.03.2010. Leyfið er veitt með þeim áskilnaði að verið sé að brúa tímabundið bil hjá umsækjanda enda sé ætlunin að byggja umrædda starfsemi upp í skipulögðu hverfi sem kallast Léttahlíð, skv. upplýsingum sem byggingarfulltrúi hefur fengið hjá umsækjanda.
Benedikt Benediktsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.
7. Erindi frá Önnu Kristínu Einarasdóttur kt. 19.04.55-2039, Barrholti 1, 270 Mosfellsbæ. Sótt er um leyfi fyrir byggingu íbúðarhúss og bílgeymslu í landi Hamra, Sauralandi. Húsin verða byggð ofaná steiptan sökkul og steipta gólfplötu, veggir eru trégrind 45x145, þakviðir 45x195. Stærð húss er 105,26 m², stærð bílskúrs er 80 m², samtals 185,26 m². Teikningar eru unnar af Teiknivangi, Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík.
Samþykkt.
8. Erindi dags. 06.04.2010 frá Benedikt Benediktssyni, Saurum. Sótt er um leyfi fyrir landskiptum þar sem land Þingskálalanes skiptist í tvær spildur þ.e. Þingskálalanes sem verður 53 ha, og Þingskálalanes 2 sem verður 10 ha.
Samþykkt.
Benedikt Benediktsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.
9. Erindi frá Herði Gunnari Ingólfssyni, Aðalgötu 7, 340 Stykkishólmi, eiganda að Hrísum í Helgafellssveit. Sótt er um leyfi fyrir stofnun 9 lóða sem ætluð eru undir heilsárshús og aðra lóð undir íbúðarhús, bílskúr og útihús.
Samþykkt.
10. Erindi dags. 15.04. '10 frá Pétri Geirssyni, Egilsgötu 16, 310 Borgarnesi. Sótt er um leyfi fyrir sumarhúsi á spildu að Innri-Kóngsbakka í Helgafellssveit. Um er að ræða tímurbúð klætt að utan með lóðréttri tímurbúð klætt að innan með viðarþyljum. Þak er venjulegt mænispak klætt stallastáli. Stærð hússins er 64,2 m² og 259,8 m³. Aðaluppdrættir eru unnir af teiknistofunni Arko.
Samþykkt með fyrirvara um endanlega aðaluppdrætti.
11. Önnur mál.
Ekkert var tekið fyrir undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundargerð lesin og staðfest.
Fundi slitið kl. 23:15.